

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 6 7. janúar 1963, um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, svo hljóðandi:

d) Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis getur heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega.

2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 31. janúar 1966, um leigubifreiðar, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. júlí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

31. júlí 1966.

Nr. 165.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldu-bóta, skulu hækka um 5.2% frá 1. júlí 1966 að telja.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að greiða umrædda hækkun bóta á þessu ári í einu lagi með desembergreiðslu bóta.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965, um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

22. júlí 1966.

Nr. 166.

AUGLÝSING

um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Þar sem garnaveiki hefur fundizt í búfé á 15 bæjum í Þverárhlið, Stafholtstungum, Norðurárdal, og enn fremur í Borgarnesi, er samkvæmt heimild í 44. gr. laga nr. 23, 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, bannaður allur flutningur búpenings til lífs úr Mýrarhólfi, austan Langár. Enn fremur